

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2009/EES/29/01		Dómur dómstólsins frá 19. desember 2008 í sameinuðum málum E-11/07 og E-1/08 Olga Rindal (mál E-11/07); Therese Slinning, í fyrirsvari Olav Slinning, réttargæslumaður (mál E-1/08) gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis, fyrir hönd norska ríkisins	1
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/29/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5320 – Almemo/Mage/Tinox) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2009/EES/29/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5503 – Sibur/CITCO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2009/EES/29/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5509 – Crédit Agricole/CACEIS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2009/EES/29/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5510 – Atlantia/SIAS/Acciona/Itinere Chilean Assets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2009/EES/29/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5532 – Carphone Warehouse/Tiscali UK)	7

2009/EES/29/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5534 – Access/PCH/LBI) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	8
2009/EES/29/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5536 – BlueBay HYI/BlueBay MSI/RHJI/Honsel AG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2009/EES/29/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5539 – SAFRAN/GEHP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	10
2009/EES/29/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5542 – NPM/Fortis/Helvoet) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	11
2009/EES/29/11	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð.	12
2009/EES/29/12	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Forcelles“)	13
2009/EES/29/13	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „l’Ourcq“)	14
2009/EES/29/14	Orðsending frá framkvæmdastjórninni – Tilkynningar um vitnisburð um formlega menntun og hæfi – Tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi	15

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2009/EES/29/01

frá 19. desember 2008

í sameinuðum málum E-11/07 og E-1/08

Olga Rindal (mál E-11/07);

Therese Slinning, í fyrirsvari Olav Slinning, réttargæslumaður (mál E-1/08)

gegn

undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis, fyrir hönd norska ríkisins*(Almannatryggingar – þjónustufrelsi – heilsutryggingakerfi einstakra ríkja – kostnaður við sjúkráðsmeðferð í öðru EES-riki – tilrauna- og reynslumeðferð)*

Hinn 19. desember 2008 gaf dómstóllinn út eftirfarandi ráðgefandi álit í sameinuðum málum E/11-07 og E-1/08, Olga Rindal (mál E-11/07) og Therese Slinning (mál E-1/08) gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis, fyrir hönd norska ríkisins – Beiðnir um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Borgarting lagmannsrett (Áfrýjunardómi Borgarþings) og Oslo tingrett (Héraðsdómi Óslóar), um túlkun á reglum um fjáls þjónustuviðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, einkum ákvæðum 36. og 37. gr. EES-samningsins, og á ákvæðum 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Henrik Bull og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofellð:

1. Það getur verið samrýmanlegt ákvæðum 36. og 37. gr. EES-samningsins að synja um endurgreiðslu á kostnaði við lækni meðferð, sem fer fram erlendis og verður að teljast tilrauna- eða reynslumeðferð samkvæmt alþjóðlegum viðhorfum í lækni-fræði, þegar réttur til slíkrar meðferðar er ekki fyrir hendi í heimaríkinu. Þetta getur gerst annars vegar ef reglur um endurgreiðslu á kostnaði við lækni meðferð erlendis eru ekki meira íþyngjandi fyrir þá, sem gangast undir meðferð erlendis, en fyrir þá sem gangast undir meðferð á sjúkrahúsum sem tilheyra almannatryggingakerfi heimaríkisins. Hins vegar getur þetta gerst ef ástæður íþyngjandi ákvæða af því tagi eru eingöngu þær að beitt er nauðsynlegum og tilhlýðilegum aðferðum til að ná markmiðum sem talist geta gild réttlætning fyrir takmörkunum á fjálsnum viðskiptum á sviði sjúkráðsþjónustu.
2. Ekki skiptir máli að sjálf aðferðin, sem lækni meðferðin byggist á, nýtur viðurkenningar á alþjóðavettvangi og er skjalfest vegna annarra lækni-fræðilegra ábendinga en þeirra sem eiga við hlutaðeigandi sjúkling.

Ekki skiptir máli um svar við 1. spurningu þótt líta verði svo á að aðferðin, sem lækni meðferðin byggist á, sé notuð í heimaríki sem býður hana aðeins sem hluta af rannsóknaverkefnum, eða í undantekningartilvikum samkvæmt ákvörðun í einstökum málum. Ekki skiptir heldur máli þótt til athugunar sé að taka aðferðina í notkun í heimaríkinu síðar.

3. Það getur verið samrýmanlegt ákvæðum 36. og 37. gr. EES-samningsins að synja um endurgreiðslu á kostnaði við sjúkráðsmeðferð erlendis þegar sjúklingi býðst í heimaríkinu lækni meðferð sem er fullnægjandi samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum matsaðferðum, innan tímamarka sem teljast verjandi.

Ekki skiptir máli um svar við 3. spurningu að hafi sjúklingur ákveðið að gangast undir meðferð erlendis fremur en að þiggja fullnægjandi meðferð í heimaríkinu á hann ekki kost á endurgreiðslu á kostnaði við meðferð erlendis til jafns við það sem meðferð í heimaríkinu hefði kostað.

4. Ekki skiptir máli um svörin við 1. spurningu og fyrsta málslið 3. spurningar að
- meðferðin, sem fer fram erlendis, stendur í reynd ekki til boða í heimaríkinu,
 - sjúklingur hefur í reynd ekki átt kost á meðferðinni í heimaríkinu, sökum þess að aldrei kom til athugunar að veita honum þá meðferð enda þótt hún standi til boða þar,
 - sjúklingur hefur verið metinn í heimaríkinu en honum neitað um frekari lækni meðferð á þeim forsendum að meðferðin myndi ekki nýtast honum,
 - meðferðin, sem fór fram erlendis, færði viðkomandi sjúklingi í reynd bata.

Aftur á móti getur það skipt máli um svar við fyrsta málslið 3. spurningar ef sjúklingi hefur í reynd ekki boðist fullnægjandi meðferð í heimaríkinu innan tímamarka sem teljast verjandi frá lækni- og sjónarmiði. Þannig háttar til ef heimaríkið synjar um endurgreiðslu á kostnaði við meðferð erlendis þótt ekki hafi tekist, innan tímamarka sem teljast verjandi frá lækni- og sjónarmiði, að fullnægja þeirri skyldu samkvæmt eigin almannatryggingalögum landsins að bjóða sjúklingnum að gangast undir meðferðina á sjúkrahúsi í landinu.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/29/02

(Mál COMP/M.5320 – Almeco/Mage/Tinox)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Almeco GmbH („Almeco“), sem lýtur að fullu yfirráðum hins ítalska Almeco SpA, og MAGE Industrie Holding AG („MAGE“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Tinox GmbH („Tinox“) sem er nú að fullu í eigu MAGE.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Almeco: framleiðsla og sala á efnum til yfirborðsmeðferðar á málmum og ljósendurvörpum
 - MAGE: framleiðsla og sala á þakbúnaði
 - Tinox: framleiðsla og sala á afar valvísnum gleypiefnum fyrir yfirborð (þekjuefnum fyrir málmyfirborð)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 30. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5320 – Almeco/Mage/Tinox, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5503 – Sibur/CITCO)**

2009/EES/29/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem rússneska fyrirtækið OJSC Sibur Holding („Sibur“), sem lýtur yfirráðum hins rússneska Gazfond, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu CITCO Waren-Handelsgesellschaft mbH, kypverska fyrirtækinu Citco Holdings Limited og panamaska fyrirtækinu Westin Trading SA (einu nafni „CITCO“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sibur: framleiðsla á ýmsum iðefnum úr jarðolíu, áburði og hjólbörðum
 - CITCO: sjálfstætt dreifingar- og verslunarfyrirtæki sem höndlar m.a. með fljótandi jarðolíugas, gúm, iðefni úr jarðolíu og áburð
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 30. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5503 – Sibur/CITCO, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5509 – Crédit Agricole/CACEIS)**

2009/EES/29/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Crédit Agricole, S.A. öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hluta franska fyrirtækisins CACEIS SAS sem lýtur nú yfirráðum Natixis og Crédit Agricole í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Crédit Agricole: banka- og tryggingaþjónusta
 - CACEIS: fyrirtækið er sem stendur samstarfsverkefni Natixis og Crédit Agricole og starfar á sviði sjóðvörslu og sjóðstýringar fyrir stofnanafjárfesta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 30. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5509 – Crédit Agricole/CACEIS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/29/05****(Mál COMP/M.5510 – Atlantia/SIAS/Acciona/Itinere Chilean Assets)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Società Iniziative Autostradali e Servizi SpA („SIAS“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, ásamt hinu ítalska Atlantia SpA („Atlantia“) annars vegar og hinu spænska Atlantia and Acciona SA („Acciona“) hins vegar, í fimm gjaldskyldum hraðbrautum í Chile (Operación y Logística de Infraestructuras; Litoral Central; Vespucio Sur; Gestión Vial og Autopista Nororient), einu nafni „Itinere Chile“.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SIAS: hraðbrautarekstur, byggingastarfsemi og vöruflutningar á vegum
 - Atlantia: rekstur gjaldskyldra hraðbrauta á Ítalíu og í öðrum löndum
 - Acciona: mannvirkjagerð, orkuvinnsla, vatnsveita og sérleyfisþjónusta á Spáni og í öðrum löndum
 - Itinere Chile: gjaldskyldar hraðbrautir í Chile
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 125, 5. júní 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5510 – Atlantia/SIAS/Acciona/Itinere Chilean Assets, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5532 – Carphone Warehouse/Tiscali UK)

2009/EES/29/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið The Carphone Warehouse Group Plc öðlast með hlutafjárkaupum hins breska dótturfélags síns TalkTalk Group Limited að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Tiscali UK Limited og breskum dótturfélögum þess.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - The Carphone Warehouse Group Plc: selur farsíma og farsímatengingar í Bretlandi og átta öðrum Evrópulöndum; í Bretlandi selur fyrirtækið einnig breiðbands- og mjóbandstengingar við lýðnetið ásamt fjarskiptaþjónustu um fastlínu og farsíma
 - Tiscali UK: dótturfélag ítalska fyrirtækisins Tiscali SpA sem selur breiðbands- og mjóbandstengingar við lýðnetið, fjarskiptaþjónustu um fastlínu og sjónvarpsþjónustu um lýðnetið í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 30. maí 2009). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5532 – Carphone Warehouse/Tiscali UK, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5534 – Access/PCH/LBI)

2009/EES/29/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska iðnaðarsamsteypan Access og fyrirtækið ProChemie Holding Limited („PCH“), sem er skráð á Jersey, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu lúxemborgska LyondellBasell Industries AF S.C.A („LBI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Access: olía, efnaframleiðsla úr olíu, kol, ál, raforka og fasteignir
 - PCH: i) vopnakerfi, landvarna- og öryggisbúnaður, ii) framleiðsla og sala á garðsláttuvélum, garðyrkjuverkfærum og garðyrkjuvörum og iii) rekstur og sala fyrirtækjaflugvéla
 - LBI: framleiðsla og sala á fjölliðum, eldsneyti og íðefnum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 117, 26. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5534 – Access/PCH/LBI, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/29/08****(Mál COMP/M.5536 – BlueBay HYI/BlueBay MSI/RHJI/Honsel AG)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgsku fyrirtækin BlueBay High Yield Investments S.à.r.l. („BlueBay HYI“) og BlueBay Multi-Strategy Investments S.à.r.l. („BlueBay MSI“) og belgíska fyrirtækið RHJ International S.A. („RHJI“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Honsel AG („HAG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BlueBay HYI: minnihlutafjárfestingar í verðbréfum og öðrum fjármálagerningum
 - BlueBay MSI: fjárfestingar á margvíslegum sviðum
 - RHJI: uppkaup og rekstur fyrirtækja
 - HAG: úrvinnsla léttmálma (áls og magnesíns) með sérstakri áherslu á framleiðslu ökutækjaíhluta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 30. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5536 – BlueBay HYI/BlueBay MSI/RHJI/Honsel AG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5539 – SAFRAN/GEHP)

2009/EES/29/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið SAFRAN USA, sem lýtur yfirláðum hins franska SAFRAN SA („SAFRAN“), öðlast með hlutafjárkaupum að hluta yfirláð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu General Electric Homeland Protection („GEHP“) sem lýtur nú yfirláðum hins bandaríska General Electric Company („GE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SAFRAN: hreyflar í loftför, flugvélabúnaður og öryggisbúnaður á sviði landvarna
 - GE: margvísleg framleiðsla-, tækni- og þjónustustarfsemi
 - GEHP: þróun, framleiðsla, uppsetning og viðhald búnaðar sem er notaður til að finna sprengiefni, vopn, ólögleg fíkniefni, geislavirk efni og lífræn og manngerð efni, ásamt öðrum áþekktum áhættuefnum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 124, 4. júní 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5539 – SAFRAN/GEHP, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5542 – NPM/Fortis/Helvoet)

2009/EES/29/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollensku fyrirtækin NPM Capital („NPM“), sem tilheyrir hollensku samsteypunni SHV Holdings N.V. („SHV“), og Fortis Private Equity Holding Nederland B.V. („FPE“), sem tilheyrir samsteypunni Fortis Bank Nederland N.V. („Fortis Bank“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Helvoet Holding B.V. („Helvoet“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - NPM: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - FPE: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Helvoet: þróun og framleiðsla á sérframleiddum stökum og samsettum plastefnis- og gúmíhlutum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 122, 30. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5542 – NPM/Fortis/Helvoet, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við 2009/EES/29/11
reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 um beitingu 87. og 88. gr.
EB-sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð**

Málsnúmer	Aðildarríki	Hérað	Fyrirsögn aðstoðarkerfis eða heiti fyrirtækis sem þiggur staka viðbótaraðstoð	Upplýsingarnar birtust í
XR 95/08	Ítalía	Piemonte	Bandi POR FESR 2007–2013 Asse II Sostenibilità ed efficienza energetica Misura 2: Incentivazione all'insediamento di nuovi impianti e nuove linee di produzione di sistemi e componenti dedicati allo sfruttamento di energie rinnovabili e vettori energetici, all'efficienza energetica, nonché all'innovazione di prodotto nell'ambito delle tecnologie in campo energetico – Tipologia 1B	Stjtið. ESB C 20, 27.1.2009, bls. 14
XR 96/08	Ítalía	Piemonte	Bandi POR FESR 2007–2013 Asse II Sostenibilità ed efficienza energetica Misura 1: Incentivazione alla razionalizzazione dei consumi energetici e all'uso di fonti di energia rinnovabile negli insediamenti produttivi Tipologia 1B	Stjtið. ESB C 20, 27.1.2009, bls. 14
XR 40/07	Bretland	Merseyside Sub Region	Merseyside Special Area and Key Site Investment Grant Scheme	Stjtið. ESB C 43, 21.2.2009, bls. 7
XR 65/08	Spánn	Galicia	Subvenciones a empresas turísticas para el fomento del turismo en el Medio rural	Stjtið. ESB C 52, 5.3.2009, bls. 9
XR 66/08	Spánn	Galicia	Subvenciones a empresas privadas para la creación y mejora de establecimientos Turísticos	Stjtið. ESB C 52, 5.3.2009, bls. 9
XR 51/07	Portúgal	Açores	SIDER – Sistema de Incentivos para o Desenvolvimento Regional dos Açores	Stjtið. ESB C 70, 24.3.2009, bls. 25
XR 52/07	Portúgal	Açores	Proenergia – Sistema de Incentivos à produção de energia a partir de fontes renováveis	Stjtið. ESB C 70, 24.3.2009, bls. 25

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2009/EES/29/12

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „Forcelles“)

Fyrirtækið Terre, sem er skráð að 14 route de Beaugency, 41220 La Ferté-Saint-Cyr (Frakkland), hefur með umsókn frá 3. júlí 2008 farið fram á sérleyfi til þriggja ára, sem kennt er við „Forcelles“, til olíu- og gasleitar á svæði sem er hér um bil 20 km² og liggur í sýslunni Meurthe-et-Moselle.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mætast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	4,14 gr A	53,85 gr N
B	4,20 gr A	53,85 gr N
C	4,20 gr A	53,81 gr N
D	4,12 gr A	53,81 gr N
E	4,12 gr A	53,84 gr N
F	4,14 gr A	53,84 gr N

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (26.5.2009) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374* hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sjá 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 13. ágúst 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna neðanjarðar, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, du développement et de l'aménagement durables, Direction générale de l'énergie et du climat, Direction générale de l'énergie, Bureau exploration et production des hydrocarbures, 41 boulevard Vincent Auriol, 75703 Paris Cedex 13, FRANCE (sími +33 144972302, bréfasími +33 153941440).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetri Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

⁽¹⁾ Stjtið. EB, L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2009/EES/29/13

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennt er við „l'Ourcq“)

Fyrirtækið Galli Coz, skráð að 50, rue du Midi, F-94300 Vincennes (Frakkland), hefur með umsókn frá 31. maí 2008 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „l'Ourcq“, til olíu- og gasleitar á svæði sem er hér um bil 1 444 km² og liggur í sýslunni Aisne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mæstast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum í nýgráðum hér fyrir neðan. Notast er við NTF (*Nouvelle Triangulation de la France*) og talið frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	1,50 gr A	55,00 gr N
B	1,00 gr A	55,00 gr N
C	1,00 gr A	54,90 gr N
D	0,90 gr A	54,90 gr N
E	0,90 gr A	54,70 gr N
F	1,00 gr A	54,70 gr N
G	1,00 gr A	54,50 gr N
H	1,30 gr A	54,50 gr N
I	1,30 gr A	54,60 gr N
J	1,40 gr A	54,60 gr N
K	1,40 gr A	54,90 gr N
L	1,50 gr A	54,90 gr N

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (26.5.2009) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374* hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð. Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang.

Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og samkeppnisumsóknir verða teknar á grundvelli skilyrða fyrir úthlutun námaréttinda, sjá 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, og eigi síðar en 2. júní 2010.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna neðanjarðar, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna neðanjarðar (*Journal officiel de la République française* frá 3. júní 2006).

⁽¹⁾ Stjtið. EB, L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Um nánari upplýsingar vísast til: Ministère de l'écologie, de l'énergie, du développement durable et de l'aménagement du territoire (Direction générale de l'énergie et climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la Sécurité d'approvisionnement et des nouveaux produits énergétiques, Bureau exploration et production des hydrocarbures), 41 boulevard Vincent Auriol, Paris Cedex 13, FRANCE (sími +33 144972302, bréfasími +33 153941440).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetri Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

Orðsending frá framkvæmdastjórninni – Tilkynningar um vitnisburð um formlega menntun og hæfi 2009/EES/29/14

Tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (V. viðauki)

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun ráðsins 2006/100/EB frá 20. nóvember 2006 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði frjálsrar farar fólks vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu, sjá einkum 7. mgr. 21. gr., er kveðið á um að aðildarríkin skuli tilkynna framkvæmdastjórninni þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um útgáfu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á sviðum sem falla undir III. kafla tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórninni ber að birta viðeigandi orðsendingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* með upplýsingum um starfsheiti sem tekin hafa verið upp í aðildarríkjunum sem vitnisburður um formlega menntun og hæfi og, þar sem við á, stofnunina sem gefur út viðkomandi vitnisburð um formlega menntun og hæfi, skírteinið sem fylgir vitnisburðinum og, eftir því sem við á, samsvarandi starfsheiti sem um getur í V. viðauka.

Með því að nokkur aðildarríki hafa tilkynnt ný starfsheiti eða breytingar á áður skráðum heitum hefur framkvæmdastjórnin birt skrá um þessi heiti í samræmi við ákvæði 7. mgr. 21. gr. tilskipunar 2005/36/EB, sjá *Stjtið. ESB C 114, 19.5.2009, bls. 1.*